

REGLUGERÐ

um (18.) breytingu á reglugerð nr. 233/2001,
um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

1. gr.

Eftirfarandi efni bætast við lista í fylgiskjali I við reglugerðina:

Efni	Annað heiti	IUPAC (Alþjóðasamtök um hreina og hagnýta efnafræði) og önnur fræðiheiti	Alþjóða-samningar	B
N,N-dimethyl etonitazene	N,N-dimethylamino etonitazene, Etonitazene N,N-dimethylamine analogue	N,N-dimethyl-2-[(4-ethoxyphenyl)methyl]-5-nitro-1H-benzimidazole-1-ethanamine		x

2. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í 53. gr. lyfjalaga nr. 100/2020 og 2. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er tilkynnt í samræmi við ákvæði tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1535 frá 9. september 2015 um tilhögun miðlunar upplýsinga um tæknireglugerðir og reglur um þjónustu í upplýsingasamfélaginu. Tilkynningin er send samhliða birtingu reglugerðarinnar á grundvelli undanþágu í 7. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar.

Heilbrigðisráðuneytinu, 4. apríl 2025.

F. h. r.

Sigurður Kári Árnason.

Ásthildur Knútsdóttir.